

## ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNДАРÁÐ

Ár 2017, föstudaginn 6. janúar var haldinn 256. fundur ípróttá- og tómstundaráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14, Hofi og hófst kl.12.09. Viðstödd voru Þórgnýr Thoroddsen formaður, Eva Einarisdóttir, Tomasz Chrapek, Dóra Magnúsdóttir, Marta Guðjónsdóttir, Kjartan Magnússon og Trausti Harðarson. Einnig sátu fundin Hermann Valsson áheyrnarfulltrúi VG, Ómar Einarsson sviðsstjóri, Steinþór Einarsson skrifstofustjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem skrifaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á starfi skáttasambands Reykjavíkur,

Grönn Þormóðsdóttir, Jón Andri Helgason, Baldur Árnason og Arthúr Pétursson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi ályktunartillögu:

Ípróttá- og tómstundaráð Reykjavíkur þakkar Skáttasambandi Reykjavíkur fyrir öflugt og metnaðarfullt starf í þágu reykviskrar æsku á heilsársgrundvelli um margra áratuga skeið. Ánægjulegt er að heyra að hjá skáttum ríkir mikill vilji til að efla þetta starf enn frekar í góðu samstarfi við Reykjavíkurborg og lýsir ÍTR yfir vilja sínum til þess að af því geti orðið.

Frestað.

2. Fram fer kynning á starfi KFUM og KFUK.

Fulltrúar SjálfstæðisLögð fram eftirfarandi ályktunartillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Ípróttá- og tómstundaráð þakkar KFUM og KFUK fyrir öflugt og metnaðarfullt starf í þágu reykviskrar æsku á heilsársgrundvelli um margra áratuga skeið. Ánægjulegt er að heyra að hjá samtökunum ríkir mikill vilji til að efla þetta starf enn frekar í góðu samstarfi við Reykjavíkurborg og lýsir ÍTR yfir vilja sínum til þess að af því geti orðið.

Frestað.

Tómas Torfason tók sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lögð fram tillaga styrkjahóps ráðsins um styrkjaúthlutun 2017.

Frestað.

4. Fram fer umræða um Frístundakortið og uppgjör vegna 2016.

5. Lögð fram yfirlýsing milli KR, Gróttu, Seltjarnarbæjar og Reykjavíkurborgar um samstarf á sviði ípróttamála, dags. 13. desember, 2016. Jafnframt er lagt fram samningur Reykjavíkurborgar og Seltjarnarness, dags. 13. desember, um fimleikahús.

6. Lagt fram bréf ípróttabandalags Reykjavíkur, dags. 30. desember 2016 vegna Grunnskólamóts höfuðborga Norðurlanda.

7. Lagt fram bréf frjálsípróttasambands Íslands, dags. 3. janúar 2017, vegna alþjóðlegs frjálsípróttamóts í Laugardal 2020.

8. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra íþróttá- og tómstundasviðs, dags. 14. desember, vegna verkefna í tengslum við samning við íþróttabandalag Reykjavíkur.
9. Lagt fram yfirlit yfir afgreiðslutíma sundstaða 2017.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Ánægjulegt er að afgreiðslutíminn í Vesturbæjarlaug og Breiðholtslaug verður lengdur um helgar yfir sumartímann. Hins vegar veldur það vonbrigðum að ekki sé komið til móts við óskir íbúa í fjölmönnum hverfum eins og Grafarvogi og Árbæ um lengri opnunartíma. Íbúar borgarinnar eiga að njóta sömu þjónustu sama í hvaða hverfi þeir búa.

10. Lagt fram yfirlit yfir fundi ráðsins janúar – júní 2017.
11. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Óskað er eftir upplýsingum um hver raunkostnaður er orðin í dag og há hver er staða miðað við verkáætlun á viðbyggingu við Sundhöll Reykjavíkur. Er raunkostnaður á áætlun, undir eða yfir? Stefnir kostnaður verkefnisins að vera á áætlun?

12. Lögð fram eftirfarandi tillaga fulltrúa Framsóknar- og flugvallarvina:

Lagt er til að keyptir verði nýjir og bannig fjölgað allverulega rafmagnsbílum í Ókuskóla Fjölskyldu-og húsdýragarðarins þ.e. fyrir 5 ára og eldri. Lagt er einnig til að keyptir verði fleiri rafmagnsbílar fyrir yngri þ.e. 2 til 5 ára.

Frestað.

13. Lögð fram eftirfarandi tillaga fulltrúa Framsóknar- og flugvallarvina:

Lagt er til að boruð verði díóðu lýsing í vatnsrennibraut við Grafarvogslaug en fyrir er vatnsrennibrautin alveg myrkvuð. Með því að bora annað hvort hvíta díóðu lýsingu inn í vatnsrennibrautina og bannig lýsa hana vel upp eða setja kaflaskipta gul og bláa lýsingu þ.e. hverfisíbróttalítina. Með því móti verður vatnsrennibrautin aðgengilegri börnum og unglíngum en í dag nýta nánast eingöngu eldri en 12 ára brautina. Einnig er lagt til að skoðað verði hvort vatnskraft er hægt að minnka en kraftur vatnsins er kemur að inngangi vatnsrennibrautarinnar þ.e. áður en börn fara að renna sér er á berjandi krafti og virðist margfalt meiri en í sambærilegum vatnsrennibrautum í öðrum sundlaugum.

Frestað.

14. Lögð fram eftirfarandi tillaga fulltrúa Framsóknar- og flugvallarvina:

Íþróttá og tómstundaráð Reykjavíkurborgar leitar til Íþróttabandalags Reykjavíkur að taka til ákvörðunar með sínum aðildarfélögum hvort framvegis, að öll bau hverfisíþróttafélög innan Reykjavíkur sem og önnur íþróttafélög innan Íþróttabandalags Reykjavíkur sem kjósa árlega íbróttamann ársins innan síns félags muni frá árinu 2017 kjósa bæði íþróttakarlfélags ársins og íþróttakonufélags ársins fyrir sitt félag.

Frestað.

**Fundi slitið kl. 14.45**

Þórgnýr Thoroddsen

Eva Einarsdóttir  
Tomasz Chrapek  
Kjartan MagnússonDóra Magnúsdóttir  
Marta Guðjónsdóttir  
Trausti Harðarson